

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um brottfararstöð

Mál nr. S-193-2025 í Samráðsgátt

Til Stígamóta og Kvennaathvarfsins hafa leitað fjöldi kvenna síðustu ár sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd hér á landi. Þetta eru nær allt konur sem hafa flúið mansal eða annað ofbeldi svo sem ofbeldi af hendi maka eða skipulagt ofbeldi af hendi glæpagengja eða stjórnvalda í heimalandi. Fjölmörg dæmi eru um að umsóknum þessara kvenna hafi verið hafnað og þær sendar aftur til síns heima eða til annars Evrópulands þar sem þær voru beittar ofbeldi. Konur sem hafa enn samband við Stígamót eru komnar í sömu aðstæður og þær flúðu í leit að vernd hér á landi. Þeim var brottvísað án þess að tilraun væri gerð til að tryggja öryggi þeirra í viðtökulandinu, þangað sem þær voru oft sendar án peninga, nauðsynlegra lyfja eða nokkurra bjargráða.

Af samskiptum við þennan hóp brotþola hafa Stígamót og Kvennaathvarfið fengið skýra innsýn í kerfisbundinn vanda íslenska verndarkerfisins. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað brugðist í greiningu á brotþolum mansals og brotþolum annars kynbundins og kynferðislegs ofbeldis. Brotþolar eru oft frelsissviptir hér á landi áður en þeim er komið aftur í þær aðstæður sem þau reyndu að flýja. Við þessa stöðu verður ekki unað og kalla Stígamót og Kvennaathvarfið eftir því að stjórnvöld sýni metnað í að bæta móttöku brotþola mansals og annars ofbeldis, þannig að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar og virðingu við mannréttindi.

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir er ekki reynt að bæta stöðu brotþola mansals heldur er lagt til að formgera lokaðar varðhaldsbúðir og frelsissviptingu fólks. Það er mikið áhyggjuefni eftir það sem á undan er gengið; að ekki skuli vera lögð áhersla á greiningu brotþola ofbeldis og aðstoð við fólk í slíkum aðstæðum heldur skal búin til umgjörð til að auðvelda frelsissviptingu þeirra. Ísland hefur undirritað Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali og verður ekki séð annað en að stjórnvöld hafi ítrekað brotið gegn samningi þessum með því að bregðast verndarskyldum. Fyrirliggjandi frumvarp slær ekki á þær áhyggjur né eykur vernd brotþola mansals og annars ofbeldis. Þvert á móti veitir frumvarpið víðtækar heimildir til valdbeitingar gagnvart umsækjendum um alþjóðlega vernd.

Unnið hefur verið að því hin síðari ár að auka aðstoð til brotþola mansals en það eru engar vísbendingar um það í fyrirliggjandi frumvarpi að sérfræðingar komi að skimun, aðstoð eða úrræðum. Ekki er fjallað um hver eigi að skilgreina sérstaklega viðkvæma stöðu einstakling, hver á að bera ábyrgð á framkvæmd skimunar né er fjallað um samræmt opinbert tilvísunarkerfi vegna mansalsmála sem er hornsteinn greiningar og aðstoðar fyrir brotþola.

Það er því mat okkar að fyrirliggjandi frumvarp verði síst til að auka vernd brotþola mansals og annars ofbeldis heldur auka á það kerfisbundna ofbeldi sem hefur þrífist.

Virðingarfyllst,

Drífa Snædal, talskona Stígamóta

Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins